

# Svæðalandvarsla á Reykjanesi 2017



Ásta Kristín Davíðsdóttir  
Hanna Valdís Jóhannsdóttir

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Inngangur .....                                     | 3  |
| Samstarf við hagsmunaaðila.....                     | 3  |
| 1 Rosmhvalsnes, fjörur og tjarnir .....             | 3  |
| 2 Ósar .....  | 5  |
| 3 Brú milli heimsálfa.....                          | 6  |
| 4 Hafnarberg .....                                  | 7  |
| 5 Stampar.....                                      | 8  |
| 6 Gunnhver.....                                     | 9  |
| 7 Kerlingabás .....                                 | 11 |
| 8 Valahnúkur, Valbjargargjá og Valahnúksmöl.....    | 13 |
| 9 Skálafell.....                                    | 18 |
| 10 Háleyjarbunga.....                               | 18 |
| 11 Eldvörp.....                                     | 19 |
| 12 Sandfellshæð .....                               | 22 |
| 13 Hraunsvík, Hrólfsvík og Festarfjall.....         | 22 |
| 14 Katlahraun.....                                  | 22 |
| 15 Eldborg í Geitahlíð.....                         | 23 |
| 16 Þorbjörn .....                                   | 24 |
| 17 Svartsengi .....                                 | 25 |
| 18 Sundhnúksröð.....                                | 25 |
| 19 Arnarsetur .....                                 | 26 |
| 20 Háibjalli, Snorrastaðartjarnir og Seltjörn ..... | 26 |
| 21 Hrafnagjá.....                                   | 28 |
| 22 Höskuldarvellir .....                            | 28 |
| 23 Keilir og Keilistöð .....                        | 28 |
| 24 Lambafellsgjá .....                              | 31 |
| Starfsaðstæður/vinna .....                          | 32 |
| Lokaorð .....                                       | 32 |
| Þakkir .....  | 33 |

## Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um svæðalandvörslu á Reykjanesi á vegum Umhverfisstofnunar veturinn 2017, landvörslu tímabilið var frá 13. september til 31. desember. Landverðir voru Ásta Kristín Davíðsdóttir og Hanna Valdís Jóhannsdóttir. Svæðin sem um ræðir eru svæði á náttúruminjaskrá innan Reykjanes jarðvangs, og var að þessu sinni lögð áhersla á 24 svæði víðsvegar um Reykjanesið. Á svæðinu hefur ekki verið landvarsla áður og því mikið verk að fara yfir allt svæðið og kynna sér staðhætti eins og hægt var á þessum stutta tíma í skammdeginu að vetri til.

## Samstarf við hagsmunaaðila

Landverðir unnu náið með starfsmönnum Reykjanes Geopark og Hekklunni ehf. allt vinnu tímabilið og leituðu upplýsinga og ráða hjá þeim. Við fengum aðgang af skrifstofu hjá þeim sem við nýttum vel þegar líða fór á vinnutímabilið og myrkur farið að hamla eftirliti og útiveru, en á sama tíma var kominn tími á að færa upplýsingar á tölvutækt form. Við fórum yfir stöðu mála í hvert skipti sem við komum við á skrifstofunni með Eggerti S. Jónssyni forstöðumanni Geoparksins. Samstarfið við Reykjanes Geopark gekk að öllu leyti mjög vel, einnig við aðra starfsmenn sem þarna eru. Um miðjan desember bauð stjórn Reykjanes Geoparks landvörðum að koma inn á stjórnarfund hjá sér sem þeir gerðu og kynna starfið og fara stuttlega yfir ástand svæðisins.

Landverðir fóru og kynntu sig hjá Náttúrustofu Suðvesturlands og var vel tekið og boðnir velkomnir af starfsfólki þar. Þar fengum við góðar upplýsingar um ástand dýralífs á svæðinu en þar fara fram miklar rannsóknir á fjölbreyttu dýralífi á Reykjanesinu og var okkur bent á margar gagnlegar skýrslur og upplýsingar sem má nálgast á heimasíðunni þeirra [www.natturustofa.is](http://www.natturustofa.is).

Landverðir fóru í heimsókn til HS Orku við Svartsengi, tilgangur ferðarinnar var að fá upplýsingar um virkni Gunnuhvers sem er undir eftirliti þeirra og fylgst með virkni hennar. Þar vorum við boðnar velkomnar og boðið í útsýnisferð um starfstöðvarnar í Svartsengi og sýnt hvernig starfsemin fer fram.

Landverðir áttu gott samstarf við starfsmenn áhaldahúsanna bæði í Reykjanesbæ og í Grindavík. Þar vorum við boðnar velkomnar og gátum fengið lánuð þau tæki og tól sem við þurftum. Einnig voru starfsmennirnir liðlegir og snöggir að stökkva af stað í hvers kyns viðgerðir sem á þurfti á svæðunum sem ekki voru innan verkahring landvarða.


## 1 Rosmhvalsnes, fjörur og tjarnir

Rosmhvalsnes er stórt svæði með fjörum, sjávarfitjum, sjávertjörnum, fjölbreyttum strandgróðri, auðugu sjávardýralífi og miklu fuglalífi.

### Ástand svæðis

Garðskagi: Margir gestir stoppa hér á þessum árstíma, vitarnir laða að og sumir nota tækifærið til að taka til í bílaleigubílunum áður en þeir skila þeim þar sem hér er ruslagámur. Svæðið er vinsælt hjá ferðamönnum sem eru þó flestir að skoða vitana og Byggðasafnið. Á svæðinu er Byggðasafn, veitingastaður, kaffihús, almenningssalerni og tjaldsvæði. Kaffihús er rekið í gamla

vitanum og langt fram eftir hausti var auglýstur þar opnunartími þótt að búið væri að loka, en hinir staðirnir voru opnir út allt starfstímabilið og einhverjir húsbílar voru á tjaldsvæðinu sérstaklega fram af. Á tveim stöðum hafa verið settir upp stigar til að auðvelda gestum göngu yfir grjóttgarðinn og niður í fjöruna, en sá hluti svæðisins virðist að mestu leyti vera nýttur af heimamönnum til útivistar. Landverðir fengu upplýsingar frá heimamönnum að ferðamenn ættu það til að labba út á Röstina sem kemur út frá gamla vitanum þegar að það fjarar út og þeir geri sér ekki alltaf grein fyrir því að það flæði að henni úr báðum áttum, en engin skilti eða viðvaranir eru um slíkt á svæðinu.



Sandgerðistjörn: Tjörnin er við bæjarmörk Sandgerðis og var töluvert af fuglum á henni í byrjun hausts, sem fór svo fækkandi eftir sem að leið á. Í lok tímabilsins voru allir fuglar horfnir af tjörninni þar sem hún fraus og ekkert úr henni að hafa. Ástand tjarnarinnar er gott, búið er að leggja göngustíg meðfram henni við hlið þjóðvegarins og einnig er við hana lítið fuglahús sem gengið er út í eftir trébrú. Við höfum ekki upplýsingar um ástand dýralífs í og við tjörnina þar sem tímabilið var að hausti til og fuglar farnir til vetrarsetu.

Gerðasýki, Miðhúsasýki og Útskálasýki: Þessar þrjár tjarnir eru allar innan hestagirðinga á einkalöndum. Það virðist ekki vera neinn ágangur við þær. Göngustígur liggur frá kirkjunni og inn með sjónum og inn í þorpið. Bekkir eru á tveim stöðum þar sem hægt er að setjast og fylgjast með fuglum, við gamalt hús við kirkjuna og svo við íþróttamiðstöðina. Eins og á öðrum svæðum var ekki hægt að meta lífríkið til fulls þar sem áliðið var hausti og allir fuglar farnir af svæðinu.

Stafnes: Hér eru bílastæði, og útiborð/bekkur fyrir gesti. Gönguleiðin niður að vitanum er eftir gamalli vegslóð og til að komast alla leið þarf að klofa yfir rafmagnsstreng, þar sem að svæðið er inni í hestagirðingu. Ástandið í kringum vitann er gott enda að mestu leyti klappir en ef gengið er út með fjörunni í átt að Sandgerði eru slóðar blautir og illa farnir eftir hesta. Hestarnir eru greinilega orðnir vanir gestum og eru mjög ágengir. Hér eru misgömul og jafnvel úrelt skilti um gönguleiðir en engar upplýsingar hvar þær byrji eða hvað þær séu langar eða hvar þær endi.



Fjörur og tjarnir á Rosmhvalsnesi: Þessi hluti svæðisins var ekki nákvæmlega skoðaður af landvörðum að þessu sinni. Svæðið er að mestu girt af innan einkalóða og landa og mikið af girðingum sem liggja meðfram akvegi og alveg niður í fjöruborðið. Flestar tjarnirnar eru einnig innan girðingar þar sem aðgengi er erfitt eða ekkert. Dýralíf á svæðinu var ekki hægt að meta þar sem að fuglar voru farnir en fréttum við af nokkrum flækjum á svæðinu. Dýralífið er vel vaktað og rannsakað af Náttúrustofu Suðvesturlands í Sandgerði og fengum við upplýsingar um að þar væri hægt að nálgast skýrslur um ástand dýralífs á svæðinu.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Svæðið er mjög víðfermt og mismikið af framkvæmdum og innviðum eftir svæðum. Farið var yfir innviðina í kafla skiptingu á svæðum hér fyrir ofan.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Þar sem að flest þessi svæði eru á náttúruverndar skrá fyrir dýralíf eru þau bara í góðu standi eins og þau eru og óþarfi að fara í framkvæmdir á svæðinu. Landvörður hitti fuglaá hugamann við Stafnesvita sem hafði orð á því að það vantaði fuglaskoðunarhús annað hvort þar eða á Hvalnesi þar sem að algengt væri að sjá flækja á þessum stöðum. Ef fara á í rannsóknir um ástands dýralífs best að vinna með Náttúrustofu Suðvesturlands í Sandgerði sem hefur gert margar rannsóknir á svæðinu og býr yfir miklum upplýsingum og þekkingu sem nýtist vel við þá vinnu.

## 2 Ósar

Strandlengja, fjörur og grunnsævi. Þar er fjölbreytt lífríki og mikilvægur staður fyrir fugla meðal annars til vetrardvalar.

### Ástand svæðis

Mjög víðfermt svæði og fóru landverðir ekki yfir það allt. Fræðsluskilti um Ósana sjálfa eru við fjöru Sandgerðis megin og nokkrir vegslóðar þar í ýmsar áttir. Við höfnina í Höfnum eru fræðsluskilti um helstu fuglategundir á svæðinu. Svæðið virtist í ágætu ásigkomulagi, er þó eins og gefur að skilja undir álagi frá sjó og veðri. Einnig var eitthvað af rusli þarna.

## Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Slóðar og vegir eru ansi margir á svæðinu. Þar er einnig bátarennna.



## Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Svæðið virtist vera í ágætis ástandi en ástæða er til að fylgjast með því vegna mikilvægi þess sem fugla og fjörusvæðis.

## 3 Brú milli heimsálfa

Brúin er tilbúinn viðkomustaður yfir togsprungu á flekaskilum, þar sem gestir eru hvattir til að fara yfir brúnnu til að komast á milli heimsálfa, en á þessu svæði eru Norður - Ameríkuflekinn og Evrasíu flekinn að fjarlægjast hvorn annan um 2 cm. á hverju ári.

### Ástand svæðis

Mikið er gengið út fyrir stíga og upp á klettabelti fyrir ofan brú, og hlaðnar vörður þar. Töluvert um að ferðamenn séu að hengja ástarlása á grindverkið á brúnni. Landverðir fengu lánaðar klippur hjá áhaldahúsi Reykjanesbæjar og fjarlægðu lásana, eftir urðu þó um 10 lásar sem voru of sterkir fyrir klippurnar og þarf öflugra tæki til að fjarlægja þá.

Mikið er um rusl á svæðinu, mest sígarettustubbar og salernispappír.

Bílastæði eru lítil og anna þau ekki gestum á há annar tímum. Einnig eiga rútur í erfiðleikum með að athafna sig ef margir bílar eru á stæðinu.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Brú hefur verið lögð yfir togsprungu á milli flekaskila þar sem að þeir fjarlægjast hvorn annan. Góð upplýsinga skilti eru á staðnum sem fjalla um flekaskil og hvorn flekann fyrir sig. Malbikaður stígur frá bílastæði að brúnni. Bílastæði er malbikað.



## Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Á skipulagi er að gera gönguleið um svæðið sem liggur í hring, sem landverðir telja að eigi eftir að koma vel út og gæti jafnvel dregið úr því að gestir séu að klifra upp klettana fyrir ofan brúna.

## 4 Hafnarberg

Hafnarberg eru sjávarbjörg nokkuð há og löng. Þau eru mynduð úr hraunlögum. Björgin eru varpstaður bjargfugla. Einnig er hann vinsæll til útivistar og fuglaskoðunar.



### Ástand svæðis

Þetta svæði ber töluverða umferð, þar sem það er mest hraunklappir og sandur. Stígurinn liggur um sandfyllt hraun og er ansi erfiður og seinfarinn, einnig er hann óskýr á köflum fyrir þá sem ekki eru vanir að ganga svona náttúrustíga. Þegar komið er niður að berginu liggur stígurinn áfram meðfram því í átt til Hafna en endar svo allt í einu. Þar sem að stígurinn endar er mikið rusl í fjörunni sem hefur skolað á land og er þá helst að nefna veiðatengt rusl. Eitthvað er af staurum á svæðinu sem sennilega hafa verið viðvaranir á um hættur við brún bjargsins, en það var aðeins skilti á einum þeirra.



Töluvert er um að fólk gisti á bílastæðinu í svokölluðum campers og öðrum húsbílum og er magn rusls eftir því.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Bílastæði er við veg 425 og við það eru gömul upplýsingaskilti. Skiltin eru orðin ansi veðruð og þarfnast endurnýjunar. Á svæðinu er varðaður göngustígur sem liggur frá bílastæði út á bjarg og eftir því. Svo virðist sem um gamlan veg sé að ræða að einhverju leiti mest þó á bjarginu sjálfu. Á bjarginu sjálfu eru nokkrir staurar sem virðast hafa borið einhverjar merkingar sem eru ekki til staðar lengur.



### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Það þarf að endurnýja skiltin við bílastæði þar sem fram kemur lengd stígs svo fólk viti hvað bíður þess. Segja þarf áfram frá fuglum en bæta við hvenær líklegt sé að fuglar séu á svæðinu svo fólk sé ekki að ganga um miðjan vetur alla þessa leið til að leita að fuglum sem eru ekki á svæðinu. Á slíku skilti væri gott að segja frá bjarginu og þeim hættum, hrazi og hruni, sem þeim fylgja og auk þess mætti endurtaka það með öðrum smærri skiltum við bjargið. Ef rétt er að vörður og/eða stígurinn sé gamall væri gott að hafa það með til að gefa þeim meira vægi. Nauðsynlegt er að taka fram að fólk á ekki að eiga við vörður eða hlaða nýjar gott á þessum stað þar sem þær eru margar og vel sjáanlegar. Hér vantar einnig vísun á hvar sé besti og öruggasti staðurinn við bjargið til að sjá flögu.



Stígurinn er ansi erfiður yfirferðar mikið grjót í honum en annars afar gljúpur. Það þarf að laga hann og taka úr honum grjót og marka hann betur á köflum.

## 5 Stampar

Stampar eru nöfn á gígaröðum frá tveimur goshrinum. Bera sumir gígarnir önnur nöfn s.s. Eldborg dýpri, Eldborg grynri og Miðhóll. Þetta eru misstórir gjall- og klepraggar.





## Ástand svæðis

Fólk hefur verið að ganga á gíganna á nokkrum stöðum og eru þeir viðkvæmir og þola illa slíkt traðk og mjög mikið sér á þeim í dag. Samkvæmt upplýsinga skilti á svæðinu er markmiðið að leyfa uppgöngu á fyrri gíginn en ekki þann seinni, en komin er greinilegur stígur upp í þann seinni líka.

Það eru ekki svo margir sem leggja á sig að ganga stikaðan stíg á svæðinu að af því stafi mikil hætta fyrir umhverfið en gott er að fylgjast með því að fjöldinn er vex hratt og fer fljótt yfir þolmörk.



## Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Lítið bílastæði er við veg 425 þar sem er ágætt skilti. Á skiltinu er sagt að fólk megi ganga upp á einn gíg í Stamparöðinni þann sem er næst bílastæðinu. Um svæðið liggur hundrað gíga stígurinn og er hann stikaður.

## Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Stamparnir tveir næst bílastæðinu eru að fara mjög illa vegna átroðnings. Gera þarf úrbætur t.d. tröppur upp á þann fyrsta sem er leyft að ganga á. Loka þarf þeim sem er lengra frá bílastæðinu og laga það sem búið er að skemma með átroðningi á báðum gígnum.

## 6 Gunnuhver

Hverinn er í raun hvera svæði með leir- og gufuhverum. Stærsti hverinn er Gunnuhver og getur hann verið með stöðug vatnsgos við vissar aðstæður.



## Ástand svæðis

Svæðið ber með sér að þar hefur verið landnýting og er enn í nágrenninu, bæði ábúð og orkuvinnsla. Í dag er svæðið eftirsótt af ferðamönnum og því er þar mikið álag og slit á innviðum eftir því. Veðurálag er einnig mikið á svæðinu og þurfa innviðir svo sem hæð göngustíga að taka tillit til þess en polla- og svellamyndun var á þeim sumstaðar. Skilti, staurar og bönd voru úr sér gengin og liggja jafnvel niðri á sumum stöðum.

Bílastæði ekki afmörkuð og anna ekki umferð þegar nokkrir bílar og rútur eru á svæðinu. Nokkuð er um að fólk gisti á bílastæðunum með tilheyrandi sóðaskap.



Einnig er mikið um að fólk sé að líma límmiða á skilti þarna.

## Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Tveir útsýnis pallar úr timbri eru á svæðinu. Göngustígar hafa verið afmarkaðir og eru girðingar með böndum til að stjórna umferð, en þau eru orðin ansi gömul og lúin. Gömul skilti eru á svæðinu sem segja þjóðsöguna um Gunnu og önnur sem segja frá hjónakornum sem stunduðu garðyrkju með jarðhita á svæðinu. Einnig eru mörg töluvert stór skilti sem vara fólk við því hversu svæðið er hættulegt vegna jarðhita.



Tvær að komur eru að Gunnuhvers svæðinu. Þær eru hvorugar góðar og önnur er mjög slæm. Ef komið er að svæðinu frá afleggjaranum út að Reykjanesvita þá er slitlag á veginum en hann er orðin lúinn og stæðið lítið fyrir rútur þegar nokkrir bílar eru á svæðinu. Þegar komið er á svæðið Grindavíkur megin þá er vegurinn mjög slæmur, bæði þröngur og svo holóttur að hann er nánast ófær litlum bílum. Keyrt er út fyrir veg báðu megin þar sem hann er verstur. Bílastæðið þeim megin er malarstæði.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Laga þarf aðkomu að svæðinu báðu megin. Til stendur að laga hana og færa bílastæði fjær hverasvæðinu, Reykjanesvita megin.

Gera þarf ný skilti fyrir svæðið vegna þess hver veðruð þau sem fyrir eru. Gaman væri að hafa áfram eitthvað af þeim fróðleik sem fyrir er en einnig mætti gera hverasvæðinu sjálfu meiri skil og hættum sem þar leynast og mikilvægi þess að fylgja þar til gerðum göngustígum.

Laga þarf allar girðingar og setja ný bönd, víra eða keðjur milli þeirra og jafnvel beggja vegna við stíga til að auka áhersluna á að fólk haldi sig innan girðinga á stígnum. Einnig þarf að setja upp bann við göngu utan göngustíga.

Veðurálag skemmdi líka oftast en einu sinni girðingar á okkar viðverutímabili og því er óhætt að segja að það þurfi að vera stöðugt reglubundið eftirlit á svæðinu til að sinna innviðum og laga þá.

## 7 Kerlingabás

Kerlingabás eru restar af þremur stórum gjóskugígum ca. 800 til 2000 ára gamlir. Efstu hraunlögin eru úr Stampagosum.

### Ástand svæðis

Jarðlögin í Kerlingabás verða fyrir stöðugum ágangi sjávar sem ekkert er hægt að gera við. Aftur á móti er mikill utanvega akstur hjóla á svæðinu. Það er mjög illa farið og stór sér á því og eru hjólaför út um allt.



### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Á þessu svæði hafa engar framkvæmdir átt sér stað og einu innviðirnir á svæðinu eru stikur í 100 gíga gönguleiðinni sem liggja fram hjá svæðinu.



### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Hér þarf að fara í miklar aðgerðir til að lagfæra svæðið eftir utanvega akstur og afmá hjólafor sem eru mikið lýti á svæðinu.

## 8 Valahnúkur, Valbjargargjá og Valahnúksmöl

Móbergssfjallið Valahnúkur er rofinn af sjávarbrimi í honum eru einnig bólstra- og þursaberg. Valbjargargjá er sigdalur sem stórir kringlóttir hnullungar Valahnúksmolar verja fyrir ágangi sjávar.



### Ástand svæðis

Valahnúkur: Valahnúkur er illa sprunginn og hefur verið metin hættulegur af lögregluembætti svæðisins. Þar hafa verið settar upp lokanir við stíg sem lá upp á hnúkinn, þessar lokanir virka hinsvegar ekki á nema lítinn hluta gesta og er stanslaus umferð gesta upp á hnúkinn. Svæðið er slitið þar sem er einhver gróður er og traðk mikið



Nýbúið er að laga veginn inn að bílastæði við Reykjanesvita en þar er ágætt stæði. Vegur liggur áfram alveg út á bjargið og getur fólk keyrt alveg út á brún sem það og gerir. Lagt er þvers og kruss um allt bjargið en bæði vegurinn þangað og bjargið eru erfið yfirferðar.

Mörg skilti eru á svæðinu sem eru með ágætum fróðleik og í ágætu standi flest. Einnig eru þarna eldri fuglaskilti.



Hlaðnar tóftir eru við rætur hnúksins ásamt skiltum. Þar er einnig gamall vegur og trébrú yfir hann til að vernda hann gegn álagi. Fleiri en ein leið er farin yfir hraunið ef fólk leggur á stæðum við vitann.

Runnið hefur talsvert úr svæðinu milli Valahnúks og litla stapans við hliðina á honum í vetur.



Stikuð gönguleið Hraunhringurinn liggur um svæðið að Valahnúk.

Valbjargargjá: Gjáin er töluvert stór og er ekki jafn mikill ágangur á henni. Þar er svæði í skjóli sem er með borði og bekkjum. Þar er búið að hlaða upp eldstæði og koma með grind á það til að grilla. Rekaviður hefur verið dreginn úr fjöru til að brenna þarna og voru stóri drumbar skildir þar eftir logandi og án eftirlits.

Gömul hlaðin sundlaug er í gjánni og hjá henni skilti. Hún var löguð ekki fyrir löngu en það er aftur hrunið úr henni.

Stikuð gönguleið Hraunhringurinn liggur um gjána.

Valahnúksmöl: Hægt er að ganga eftir moldarstíg meðfram Valahnúk, Valbjargargjár megin, út að sjó þá er komið fallegum hnullunga kambí.

## Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Valahnúkur: Vegna hrunhættu er Valahnúkur metin hættulegur af lögregluembætti svæðisins og lokaður við stíg sem lá upp á hnúkinn. Landverðir tóku í burtu tröppur sem lágu upp á hnúkinn á bak við lokunina.



Nýbúið er að laga veginn inn að plani við Reykjanesvita en þar er ágætt stæði. Þaðan liggur vegur alveg út á bjargið.

Mörg skilti eru á svæðinu sem eru með ágætum fróðleik og í ágætu standi flest. Þó eru þarna fuglaskilti sem eru eldri.

Stikuð gönguleið Hraunhringurinn liggur um svæðið að Valahnúk.

Valbjargargjá: Trépullur er uppi á bjargbrún og tröppur niður frá honum niður í gjánna. Í gjánni eru borð með bekkjum. Þar er búið að hlaða upp eldstæði og koma með grind á það til að grilla.

Gömul hlaðin sundlaug er í gjánni og hjá henni skilti. Hún var löguð ekki fyrir löngu en það er aftur hrunið úr henni.



Stikuð gönguleið Hraunhringurinn liggur um gjána.

Valahnúksmöl: Engar framkvæmdir

## Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Valahnúkur: Valahnúkur er illa sprunginn og hefur verið metin hættulegur af lögregluembætti svæðisins. Landverðir geta ekki annað en verið sammála. Lokanir þær sem settar voru upp duga alls ekki og fer fólk beggja vegna við þær eða hreinlega yfir þær. Fullorðnir og börn hlaupa út um allt og fram á allar brúnir án þess að gera sér í hugarlund eða vita nokkuð hvernig svæðið er, engin fyrirbyggja er til staðar. Lokanir þurfa því að loka öllum hnúknum og helst líka stapanum við hliðina. Bæði þarf að setja upp betri girðingar og fleiri viðvörunnar- eða bannskilti allavega á íslensku og ensku. Einnig myndræn skilti svo gestir geti séð hvað þau eru að segja þau þeir geti ekki lesið þau.



Mörg skilti eru á svæðinu sem eru með ágætum fróðleik og í ágætu standi flest, en þó vantar að huga betur að festingum vegna veðurálags. Einnig eru þarna eldri fuglaskilti sem vert er að endurnýja með t.d. upplýsingum um hvenær fuglar séu á svæðinu og hvernig eigi að umgangast þá. Samkvæmt Náttúrustofu svæðisins hefur fuglalíf dalað á svæðinu og skynsamlegt er að athuga hvort það sé vegna óhefts ágangs ferðamanna og hvort eitthvað ætti að gera við því t.d. með nætur lokunum.





Valbjargargjá: Gjáin er töluvert stór og er ekki jafn mikill ágangur á henni. Þar er svæði í skjóli sem er með borði og bekkjum. Svæðið er að verða slitið og farið að sjá á bekkjum. Þar er einnig búið að hlaða upp eldstæði og koma með grind á það til að grilla. Rekaviður hefur verið dreginn úr fjöru til að brenna þarna og voru stóri drumbar skildir þar eftir logandi og án eftirlits.




Valahnúksmöl: Hægt er að ganga eftir moldarstíg meðfram Valahnúk, Valbjargargjár megin, út að sjó þá er komið fallegum hnullunga kambí. mikið klungur að fara þangað en það er eðlilegt miðað við aðstæður. Gæta þarf að því í bleytu tíð að umhverfi stígsins verði ekki út traðkað.

## 9 Skálafell

Gjall- og klepragígur sem myndaðist í nokkrum gosum fyrir ca. 3000 til 8000 árum.

### Ástand svæðis

Gengið er eftir börmum gígsins og upp eftir hliðum hans. Ástandið er ágætt sennilega vegna þess að ekki er mikil ásókn í hann vegna þess að hann er utan alfaraleiðar. Það er slóði alveg við hliðina á gígnum sem liggur niður að vita. Á einum stað á barmi gígsins er hellisop með köðlum til að komast niður í hann. Bílastæðið Grindavíkur megin við Gunnuhver er nýtt til að leggja við upphaf göngu að Skálafelli á stígnum Hraunahringur sem er stikaður stígur sem breiðist út á köflum.



### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Hraunhringsleiðin liggur um þetta svæði og upp að og meðfram gígnum sem er ágætisleið til að komast að honum og njóta svæðisins. Einnig er gamall slóði meðfram honum, sem ekki er vitað hversu mikið er notaður.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Þó ástandið sé ágætt getur það breyst mjög fljótt og vert er að athuga að því hvort afmarka ætti uppgöngu og laga. Töluvert virðist farið í hellinn og huga þarf að honum og opi hans sérstaklega út frá öryggi og varðveislu hans. Spurning er hvort ekki þurfi að setja upp skilti um að gestir séu á eigin ábyrgð ef þeir kjósa að fara niður í hellinn. Gönguleiðin að gígnum virðist ekki alltaf fylgja stikunum og mætti skoða leiðina betur bæði til og frá gígnum til að sjá hvort eitthvað mætti laga svo þær liggi betur saman.

## 10 Háleyjarbunga

Hraundyngja með 20-25 m djúpum gíg. Talin yfir 900 ára gömul og mynduð úr frumstæðu basalti, pikríti.

### Ástand svæðis

Ástand Háleyjarbungu og svæðisins að henni er gott. Hér er stikuð gönguleið að dyngjunni en það lítur út fyrir að hún sé ekki fjölfarin, því enginn sýnilegur stígur er farinn að myndast þrátt fyrir stikur. Leiðin er gróf og mikið af grjóti í henni sem kemur sennilega í veg fyrir að traðk myndast í gróðrinum, og einnig dreifist umferð um svæðið á milli stika þar sem að enginn sýnilegur stígur er. Þegar komið er að dyngjunni eru töluvert margir sem ganga ofan í hana og er

mikið af sporum ofan í henni og í hliðum hennar. Margskonar rusl er á leiðinni að dyngjunni en er sennilega mest af því eitthvað sem sjórinn hefur skolað á land.

Engin skilti eða upplýsingar sem gefa til kynna um hvert þessi gönguleið liggur og hvað er mögulegt að sjá á henni.



### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Stikuð gönguleið frá austara bílastæði við Gunnuhver að Háleyjarbungu. Stikurnar eru merktar með heiti gönguleiðar og eru númeraðar.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Hér mætti setja upp einhverjar merkingar um hvert stikuð gönguleið liggir og hvað það sé sem er áhugavert á hinum endanum.

## 11 Eldvörp

Gígaröð ca. 10 km löng. Jarðhiti er um miðja röðina og þangað liggur vegur og hefur verið borað eftir heitu vatni. Mannvistarleifar og hellar eru á svæðinu.



## Ástand svæðis

Það eru miklar skemmdir á gróðri, mikið traðk og fjöldinn allur af stígum, sérstaklega nálægt vegi og borholu. Hávaðinn frá borholunni er gríðarlegur og ærandi.

Gamlar og nýjar stikur eru á svæðinu en stígar virðast ekki fylgja þeim nægilega vel og eru margir óþarfa aukastígar í allar áttir.



### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Malarvegur merktur sem einkavegur HS orku liggur inn á svæðið. Hann liggur framhjá Sandfellshæð út á veg 425 við Sýringsfell. Frá honum liggur afleggjari að Eldvörpunum og að borplaninu þar sem borholan er. Grjóthleðslur, tröppur og hellisskúti er við borplanið.

Þrjár stíkaðar gönguleiðir liggja um svæðið. Prestastígur og Árnastígur liggja þvert á Eldvörpin í sitthvorum enda þeirra en Reykjavegur liggur meðfram þeim að mestu.



### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Marka þarf umferð gangandi betur og laga skemmdir með því t.d. að loka óþarfa stígum. Hægt er að nota bönd, merki og mosa ígræðslur. Upplýsingaskilti eru líka góð en fólk er að koma frá allt að 7 upphafspunktum ef stígar og vegir eru taldir svo það þarf að huga vel að staðsetningu þeirra.



## 12 Sandfellshæð

Stór hraundyngja með um 100 km<sup>2</sup>. hraunbreiðu, gígur er stór en grunnur. Er ca. 14,000 ára gömul.

### Ástand svæðis

Svæðið er í mjög góðu standi og ekki að sjá nein ummerki um átroðning né sjálfsprottna stíga í náttúrunni.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu


Hér hefur ekkert verið gert fyrir svæðið. Svæðið er merkt sem áhugaverður staður en hér er ekki að finna neitt bílastæði, engin skilti og engar leiðbeiningar um göngu.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Hér mætti afmarka svæði fyrir bíla og setja upp skilti ef svæðið á að vera viðkomustaður gesta.

## 13 Hraunsvík, Hrólfsvík og Festarfjall

Hraunsvíkur fjörur frá Hrauni að Lambastapa. Krúvarp er á Hraunssandi vestan Hrólfsvíkur. Í Hrólfsvík finnast gabbró hnyðlingar. Móbergsfjallið Festarfjall er sundurskori af brimi og sést þar í mó-, brota- og bólstraberg.



### Ástand svæðis

Svæðið er að mestu undir áhrifum frá sjó og sjávarfalla. Töluvert rusl er í fjörunum. Einhver hrossa- og kindabeit er á svæðinu.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Ofan fjöru eru gamlar girðingar, vegir, malarnám eða gamlir ruslahaugar.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Hreinsa mætti rusl af svæðinu, allavega plastið.

## 14 Katlahraun

Hraunið er ca. 200 ára gamalt. Hrauntjörn sem myndaðist vegna fyrirstöðu en tæmdist svo skildi eftir sig fagar hraunmyndanir. Þarna eru líka friðaðar söguminjar.



## Ástand svæðis

Þröngur, vondur malarvegur liggur niður að litlu bílastæði. Við bílastæðið er gamalt skilti með upplýsingum sem segir frá menningarminjum svæðisins. Nýrra skilti er niðri við ströndina um verstöðina í Selatöngum. Stígur liggur niður að sjó en er hann ekki nægilega greinilegur á köflum og verða þar til óþarfa auka stíg

## Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Frá vegi 427 liggur vegur að litlu bílastæði og svo slóði ofan í fjöru. Tvö skilti eru á svæðinu, bæði um verstöðina á Selatöngum. Gamalt skilti er á stæði en nýrra niður við gamlar steinhleðslur frá tímum verbúða á staðnum. Markaður stígur niður að verbúðum.

## Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Það er afar mikið rusl á svæðinu og eru einhverjir að taka það með sér upp á bílaplan en skilja það svo eftir við skiltið þar svo að þörf væri á að hreinsa rusl á svæðinu.

Laga mætti stíginn sem liggur niður að verbúðunum og gera hann greinilegri svo fólk sé ekki að fara óþarfa aukastíga sem voru reyndar frekar viðsjáaverðir.

## 15 Eldborg í Geitahlíð

Eldborg í Geitahlíð er friðað náttúruvætti nokkurra gíga, nefndir Stóra og Litla Eldborg.



## Ástand svæðis

Gamall vegur liggur um hraunið og frá honum liggur afleggjari alveg upp Stóru Eldborg. Fleiri en einn stígur er á Stóru Eldborg og sér á töluvert á henni. Aðalstígurinn er stór og áberandi og ekki auðfarinn.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Vegir og slóðar eru á svæðinu. Gamalt malarnám.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Spurning er hvort það þurfi ekki að afmarka bílastæði, óþarfi er að keyra alveg upp að gígnum. Gott er að skipuleggja hvar á að hafa opið fyrir göngu svo hægt sé að verja restina af gígnum eða gígnum. Skilti vantar á svæðið.

## 16 Þorbjörn

Móbergssfjall frá lok síðustu ísaldar. Um mitt fjallið liggur misgengi og myndar það sigdal. Jarðhiti er á svæðinu.

## Ástand svæðis

Við rætur fjallsins er bílastæði og skilti með upplýsingar um gönguleiðir á fjallinu. Aðal gönguleiðin er upp með hlíðum þess eftir vegslóða sem liggur upp að mannvirkjum efst á fjallinu. Margar aðrar gönguleiðir eru merktar á kortið en þær eru ekki stikaðar eða merktar svo erfitt er að finna út hvar á að fara og er því gengið víða. Búið að er að gera tröppur í hlíðina á gönguleið frá skógræktinni við norður enda fjallsins og upp. Gestabók er uppi á fjallinu og samkvæmt henni er fjallið mikið notað til útivistar af heimafólki. Mikið af lúpínu er í hlíðum fjallsins.



### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Ummerki um mannvirki frá hernum sjást á fjallinu sem og vegur sem þeir gerðu á fjallið. Nokkrir göngustígar eru upp á það sumir vel sjáanlegir. Á fjallinu eru fjöldi mastra og einhverjar byggingar tengdar þeim. Skógrækt er í hlíðum þess.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Hér mætti setja upp merkingar og stikur á skipulagðar gönguleiðir til að gera göngu gesta um fjallið öruggari og auðveldari.



## 17 Svartsengi

Er m.a. grasflatir sem notaðar voru undir samkomur Grindvíkinga fyrr á árum og er það svæðið sem við skoðuðum.

### Ástand svæðis

Grasflatirnar voru í ágætu ástandi en um þær liggur ómerktur göngustígur sem heimafólk notar. Mikið er af lúpínu í hlíðunum í kring en ástand annars gróðurs er ágætt. Engar merkingar eða skilti vísa á svæðið.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Lítill afleggjari er frá aðalvegi nr. 43 að mjög stóru bílastæði, sem er mjög gróft og ekkert við haldið. Þaðan liggur ómerktur stígur um svæðið.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Ástand svæðisins virtist ágætt.

## 18 Sundhnúksröð

Gígaröð sem er tæplega 9 km. löng. Hún er um 2300 ára gömul.



### Ástand svæðis

Svæðið er í ágætu ástandi. Landverðir gengu ekki alla leiðina en áleiðis, og ekki er sjáanlegt neitt rask eða troðningur á svæðinu. Gönguleiðin virðist ekki vera mikið gengin og ekki sýnilegur slóði þrátt fyrir stikur á leiðinni. Helst virtist vera gengið á gömlum vegslóða.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Slóði liggur meðfram gígnum. Stígurinn Skógfellavegur liggur meðfram gígaröðinni, Reykjavegur þverar hann við Hagafell og svo eru villustígar og ómerktir stígar við Stóra Skógarfell.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Slóðin meðfram gígnum er greinilega notaður til göngu sem og af mótórhjólum. Það mætti skýra betur hvar stígar liggja í hrauninu til að fækka villuslóðum á svæðinu en það hefur ekki beint að gera með Sundhnúksröðina.

## 19 Arnarsetur

Arnarsetur er ca. 2 km löng gossprunga með gjall- og klepragígum. Hraunið frá þeim er um 20 km<sup>2</sup>, stórskorið með hellum. Mannvistarleifar eru á svæðinu.



### Ástand svæðis

Arnarsetur er merkt sem áhugaverður viðkomustaður á kortum með lágmark upplýsingum um svæðið. Þegar komið er á svæðið aftur á móti eru engar merkingar eða leiðbeiningar. Engar merkingar við akveg um hvar á að beygja út af honum. Bílum er lagt á nokkuð sléttu malarsvæði sem er þó ekki bílastæði heldur leifar af gömlum ruslahaugum sem eru ekki í notkun lengur en þó eru einhverjir sem eru enn að losa sig við rusl þar. Gönguleiðir eru ekki merktar eða stikaðar en orðnar mjög sýnilegar í gróðrinum þar sem að gengið er eftir mosa og hann fljótur að skemmast við mikinn troðning. Tveir slóðar eru í hrauninu sem liggja að Stóra-Skógfelli. Sjá má lítils háttar traðk í mosanum á svæðinu sem landverðir telja vera tilraunir gesta til að finna ummerki um mannavistir sem minnst er á að séu á svæðinu, en landvörðum tókst ekki að finna þær.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Engir innviðir eða skilti eru á svæðinu.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Þar sem að Arnarsetur er merkt sem áhugaverður viðkomustaður fyrir ferðamenn þarf að setja upp vegmerkingar við þjóðveg. Það þarf líka að setja upp merkingar á gönguleiðum svo gestir viti hvert þeir eiga að fara. Landverðir hittu nokkra ferðamenn á svæðinu sem höfðu stoppað út af leiðbeinandi upplýsingum um áhugaverðan stað en svo fundu þeir engar upplýsingar um hvert skyldi halda eftir að vera komin á svæðið, þar sem bílunum er lagt.

## 20 Háibjalli, Snorrastaðartjarnir og Seltjörn

Háibjalli er 10 m. hátt siggengi. Snorrastaðartjarnir eru gróskumiklar og frjósa ekki. Seltjörn er vinsælt veiðivatn. Á svæðinu er stunduð skógrækt bæði við Háabjalla og í Sólskógum hjá Seltjörn. Svæðin eru vinsæl útivistarsvæði og mikilvæg fyrir farfugla.



## Ástand svæðis

Við þjóðveginn eru engar merkingar sem vísa fólki á þessa staði. Akvegurinn að Snorrastaðatjörnum og Háabjalla er seinfær malarvegur sem ætti að vera fær öllum bílum en er þó mjög grófur á kafla og síðasti hlutinn að svæðinu er brattur sem getur leitt til þess að smærri bílar geta lent í vandræðum ef eitthvað er að færð.

Háibjalli: Engar merkingar eru hvar hann er að finna fyrr en komið er að skógræktar svæðinu, þá er gamalt útskorið skilti. Stór hluti af siggenginu sést ekki þar sem skógræktarsvæðið er við hann og nær alveg upp í bergvegginn og skyggir á.

Snorrastaðatjarnir: Gönguslóði er frá bílastæði við Skógrækt og að tjörnum. Það hefur verið borið í hann möl í byrjun en svo tekur við niðurtroðinn slóði í gróðrinum, sem endar við tjörnina sem er næst og eru farnir að myndast nokkrir slóðar út frá þeim stað sem hann endar. Hér eru engin leiðbeinandi skilti eða merkingar.

Seltjörn: Við Seltjörn stendur gamalt steipt hús sem vantar á allar hurðir og glugga. Við þetta hús er smá stæði þar sem hægt er að leggja bílum og komast að tjörninni. Við húsið er einnig mikið af rusli og drasli. Hér lítur út fyrir að heimamenn séu að losa sig við ýmsa hluti sem eiga heima á ruslahaugum en landverðir hafa séð gólfmottur, plastbúta úr bílum og fatapoka svo eitthvað sé nefnt.

## Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Þeir innviðir sem eru á svæðinu eru allir frá Skógræktinni komnir en það er skógræktar skógur við Háabjalla og fyrir ofan Seltjörn. Þar eru skilti um opinn skóg og upplýsingar um tegundir og fugla á svæðinu. Grillskýli og borð/bekkir eru á báðum stöðum.

## Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Hreinsa þarf rusl af svæðinu og þá sérstaklega við húsatóftir við Seltjörn.

Merkja þarf stíga að svæðum eins og Snorrastaðatjörnum til að minnka traðk á svæðinu. Þó að ágætis skilti sé með merktum gönguleiðum um skógin við Háabjalla þá fer fólk út um allt þegar inn í hann er komið. Gott væri að marka betur þær gönguleiðir sem ætlast er til að fólk fylgi t.d. með því að litamála punkta á tré á svæðinu.

## 21 Hrafnagjá

Hrafnagjain er um 12 km. langt siggengi og allt að 30 m. hátt.

### Ástand svæðis


Hrafnagjá er á Skógfellaveginum/stígnum sem er merktur á göngukorti. Nokkuð er um að fólk fari og skoði gjána gangandi enda falleg og mikilfengleg á köflum. Álagið á svæðinu er ekki mikið en vert er að fylgjast með því. Lúpína er við bílastæði. Fólk notar stæðið undir gistingu og þar er afar mikið rusl. Engin gönguleið er merkt á svæðinu svo fólk gengur út um allt til að leita að gjánni.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Bílastæði eru við veg, það er hinsvegar mjög lítið og ekki pláss fyrir meira en 3-4 bíla og er oft fullnýtt allan daginn af farartækjum sem virðast vera geymd þar yfir daginn.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Hreina þarf rusl við bílastæði. Merkja eða stika leið frá bílastæði að gjánni, og setja upp upplýsingaskilti.



## 22 Höskuldarvellir

Höskuldarvellir eru stór samfeld grasléttur eða um 100 ha að stærð.

### Ástand svæðis

Mjög slæmur vegur liggur að svæðinu sem er nánast ófær smábílum. Ekki náðist að skoða þetta svæði sem skildi. Utanvega akstur á svæðinu greinilegur auk þess að það er nýtt sem gistisvæði bæði fyrir tjöld og bíla.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Vegur er bæði í malarnám við Eldborg og að borholum. Girðingar og einhver skilti eru á svæðinu.

### Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Skoða þarf svæðið nánar og á fleiri árstíðum til að fá góða mynd af ástandinu.

## 23 Keilir og Keilisbörn

Keilulaga móbergsfjall frá síðustu ísöld. Móbergshryggur sem liggur frá honum er nefndur Keilisbörn.



## Ástand svæðis

Mjög slæmur vegur liggur að svæðinu að litlu borholuplani. Þar er lítið skilti frá Ferðafélagi Íslands. Gangan á Keili hefst yfirleitt frá borholuplani við Höskuldarvelli og gengið meðfram Oddafellsrananum til að byrja með en svo beygir stígurinn út í hraunið.



Sumir ganga lengra meðfram fjallsrananum og fara seinna út í hraunið. Stígurinn í hrauninu er vægast sagt illa farinn, hann er út um allt og fer nánast upp í 10 m. breidd þar sem hann er verstur og traðkið mest.



Einnig getur hann verið erfiður yfirferðar og virðist fólk ekki ná að skilja hvar hann á að vera. Einhverjar stikur eru á leiðinni og vörður eða grjóthrúgur.



Tvær leiðir eru á Keili önnur er upp hrygginn hjá Keilisbörnum hinn er í þverbrattri hlíð á fjallsins og er sá afar ljótur og áberandi auk þess að vera afar mikið lýti á fjallinu. Báðar gönguleiðarnar eru sýndar á sumum kortum t.d. MM- og göngukorti svæðisins.



Fólk hefur verið að grafa nöfnin sín í móbergið í Keilisbörnum.



Mótor- og fjórhjólaför voru við Keili.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu

Lítið skilti frá Ferðafélagi Íslands er við upphaf göngu. Nokkrar stikur eru á leiðinni og vörður eða grjóthrúgur. Á toppi Keilis er kassi utan um gestabók, útsýnisskífa og í kringum hana er pallur með tveimur tröppum.

## Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Ef auka á aðgengi á svæðinu þarf að huga að því að laga veginn inn á svæðið. Þá þyrfti einnig að athuga með árstíðir því ferðamenn á smábílum voru þarna á þvælingi allan veturinn. Nýtt eða stækkað bílplan væri einnig nauðsynlegt með bættum vegi.

Stígurinn þarf gagngerar endurbætur og merkingar til að koma í veg fyrir meiri náttúruspjöll en þegar eru orðin. Einnig er bratti stígurinn beint niður fjallshlíðina mikið lýti á fjallinu og óþarfur aukastígur sem vert væri að loka.



Loka þarf fyrir utanvega akstur hjóla á svæðinu.


## 24 Lambafellsgjá

Lambafellsgjá er í norðurenda Lambafells. Gjáin er um 150 m. löng, allt að 50 m. djúp og um 3 til 6 m. breið. Í veggjum hennar sést vel bólstrabergið sem þar er.

### Ástand svæðis

Mjög slæmur vegur liggur að svæðinu og er lagt við Eldborg. Engin skilti eru á svæðinu. Stígurinn í gegnum hraunið að fjallinu er óskýr og þar eru margir villustígar og traðk. Gjáin sjálf er ekki merkt svo fólk getur auðveldlega labbað framhjá henni ef það þekkir ekki til. Þegar fólk kemur upp úr gjánni gengur það í ýmsar átti og þar eru óþarflega margir stígar og traðk. Margir ganga eftir fjallinu og niður hliðina sem snýr að Eldborginni í gegnum viðkvæmt jarðhitasvæði.

### Fyrri framkvæmdir eða innviðir á svæðinu



Vegur liggur að Eldborg en þar er gömul malarnáma.

## Tillögur að framkvæmdum eða úrbótum

Til að koma í veg fyrir frekari skemmdir vegna traðks væri gott að stika ákveðna gönguleið. Á göngukorti svæðisins er merkt ganga í kringum Lambafellið. Einnig væri gott að merkja leið niður af fjallinu fari fólk upp gjánna.

## Starfsaðstæður/vinna

Landverðir voru ráðnir til landvörslu á Reykjanesi og úttekta á svæðum á náttúruverndar skrá innan Reykjanes Geopark og á friðlýstum svæðum á höfuðborgarsvæðinu. Vinnudagurinn var 8 klukkustundir á dag og ýmist frá 8-16 eða 9-17. Unnið var alla daga, og skiptust landverðir á að vinna um helgar og var einn á vakt um helgar en tveir alla aðra daga. Landverðir unnu saman alla daga og fóru saman í allar úttektir, sem reyndist mjög vel þar sem að oft sáu þeir mismunandi sjónarhorn á aðstæðum og ástandi. Það reyndist einnig vel að geta rökrætt um hlutina og fá annað sjónarhorn á þá. Mikill tími fór í lok vinnu tímabilsins í að færa inn allt ástandsmatið í reikniforrit í tölvu.

Í byrjun tímabilsins höfðu landverðir til umráða Kia Sorento bíl sem er fjórhjóladrifinn jepplingur en fljótt kom í ljós að sum svæði og vegir voru ekki færir svo litlum bíl og var honum skipt út fyrir Volkswagen Amarok pallbíl sem hentaði aðstæðum betur. Landverðir höfðu aðgang að skrifstofu hjá Umhverfisstofnun á Suðurlandsbraut og hjá Reykjanes jarðvangi á Ásbrú Reykjanesbæ.

Landverðir fengu allan nauðsynlegan búnað til vinnu þ.á.m. síma, tetra stöð, gps tæki, sjónauka, bækur og fatnað. Hljójar úlpur fengum við hinsvegar ekki fyrr en seinnipart nóvember mánaðar en það kom sér frekar illa því haustið var kalt og vindasamt á svæðinu.

## Lokaorð

Að starfa sem landvörður á Reykjanesi hefur verið mjög gaman og áhugavert. Þar leynast mjög margar náttúruperlur sem maður hafði ekki hugmynd um og hefur heldur betur verið ánægjulegt að njóta þess að kynna sér þær allar.



Aftur á móti kemur það mjög á óvart hversu illa farin sum svæði eru og má þar helst nefna vegna utanvega aksturs hjóla. Svæðið við Kerlingabás, í Sandvík og á hryggjum við HS Orku eru þar



lang verst farin. Ótal slóðar eru á Reykjanesinu og virðast þeir nánast allir opnir og leiðar þeir ökumenn á ýmsa staði sem geta leitt til utanvega aksturs í næði eða gistingar eða þá ruslalosunar. Það kom einnig landvörðum töluvert á óvart það magn af rusli sem er á svæðinu, það sem sjórinn skilar á land er skiljanlegt en að það skuli ennþá vera einhverjir sem losa sig við stærra rusl út í náttúruna eins og við höfum rekist á kemur mjög á óvart (rúmdýnur, bílpartar, mottur, fatapokar). Lágflug ferðaþjónustu þyrfa var líka eftirtektarvert og urðu landverðir vitni af því nokkru sinnum t.d. í Eldvörpum.

Það er ljóst að mikið af gestum er á svæðinu allan ársins hring enda mikið að skoða á svæðinu. Ástand svæðanna mismunandi eftir hversu vinsæl þau reynast. Mörg svæði eru mjög vel á sig komin og þola áganginn vel líkt og Brú á milli heimsálfa á meðan önnur svæði eru mun viðkvæmari og þau sem landvörðum fannst vera í hvað verstu ástandi á sínu skoðunarsvæði eru Keilir og nágreni, Kerlingabás, Stampar, Eldvörp, Valahnúkur og nágreni, Lambafellsgjá og nágreni og Gunnuhver.

## Þakkir

Við viljum þakka öllum sem hjálpuðu okkur með því að fræða okkur um svæðið og svara spurningum okkar. Einnig þeim sem lánuðu okkur verkfæri eða aðstoðuðu okkur við viðhald á svæðunum.